

ABC barnahjálp á Íslandi  
Ársreikningur  
2012

ABC barnahjálp á Íslandi  
Síðumúla 29  
108 Reykjavík  
Kt. 690688-1589

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Sundurliðanir .....	10

## Skýrsla og áritun stjórnar

---

Starfsemi ABC barnahjálpar á Íslandi var með sama sniði og undanfarin ár. Efnahagsástandið á Íslandi var slæmt og gengi krónunnar hélst áfram óhagstætt fyrir ABC. Skráðir stuðningsaðilar í lok árs voru 6.114, fækkaði um 633 á árinu. Börn sem fengu stuðning frá ABC voru 11.121 talsins í árslok eða 292 færri en í lok árs 2011. Þar af bjuggu um 2.650 á heimavistum reknum af ABC barnahjálpar.

Í Pakistan stunduðu 2.815 börn nám á árinu í 13 skólum. Þar af bjuggu 500 börn á heimavistinni í Machike. Bygging nýs skóla fyrir heimavistarbörnin stendur enn yfir og var lokið við þakið á árinu. Brýnt er að afla fjár til að ljúka byggingu skólans þar sem aðstaða skólabarnanna í bráðabirgðarhúsnæði er mjög bágborin. Bæjaryfirvöld í Peshawar veittu ABC skólanum í Peshawar styrk til nauðsynlegs viðhalds og til byggingar á þremur nýjum kennslustofum.

Á Indlandi stunduðu 1.698 börn og ungmenni nám á Heimili litlu ljósanna. Heimilið fékk kærkomið framlag frá Ameríku á árinu til byggingar nýs skólahúss. Það er mjög ánægjulegt fyrir ABC að samstarfsaðilar okkar fái gjafir annarsstaðar frá sem gerir þau minna háð ABC á erfiðum tímum. Auk heimavistarbarnanna sóttu 1.200 börn kvöldskóla í 30 Dalítapörpum.

Comforter starfið í Chennai á Indlandi hefur átt í fjárhagserfiðleikum og hefur ekki tekist að afla fjár til að byggja nauðsynlegan öryggismúr umhverfis heimilið og skólalóðina. Undir lok árs gerðu yfirvöld kröfu um að heimavistinni væri lokað þar til úrbætur hefðu verið gerðar og að börnin væru send heim til forráðamanna á meðan. Dagskólinn er starfræktur áfram fyrir börn úr nærliggjandi þorpum og heimsendu börnin fá styrk frá ABC til að ganga í aðra skóla.

Í Úganda fengu 1.837 börn stuðning til náms í skólunum í Kasangati, Kitetika og Rackoko auk 230 barna sem ganga í almenna skóla í Guluhéraði. Starfið í Úganda hefur gripið til þess ráðs að brúa bilið með því að taka einnig inn í skólana börn sem geta borgað skólagjöld og nú er svo komið að meira en helmingur barnanna í skólunum koma frá fjölskyldum sem geta greitt fyrir þjónustuna en alls stunda um 5.000 börn nám í ABC skólunum í Úganda.

Árið 2012 var mjög viðburðarríkt fyrir starfið í Kenýa. Þann 1. janúar var tekin fyrsta skóflustungan að nýju skólahúsi í litlu Maasai þorpi í Oloitokitok. Í lok árs stunduðu 107 börn nám í skólanum þó byggingu hússins væri ekki lokið. Þann 1. júní fluttu 180 heimavistarbörn í Nairobi inn í bráðabirgðarhúsnæði á nýju lóðinni í Kariobangi fátækrahverfinu. Einnig hóf starfið rekstur eigin skóla fyrir um 400 börn í bráðabirgðarhúsnæði á sömu lóð. Þær gleðifrétir bárust í lok árs að Utanríkisráðuneytið hefði samþykkt að veita styrk til byggingar fyrsta áfanga nýs skóla- og heimavistarhúss á lóðinni. Samtals styrkti ABC um 775 börn til náms í Kenýa árið 2012.

Í Líberíu var áfram unnið að lausn mála varðandi landamál ABC auk þess sem litla barnaheimilið var rekið áfram fyrir um 40 börn og ungmenni.

Í Senegal var rekinn skóli í leiguhúsnæði í Dakar fyrir 188 3ja-11 ára börn auk athvarfs fyrir 38 götudrengi. Um 140 drengir nutu þjálfunar í fótboltaskóla ABC í 4 hverfum borgarinnar.

Í Burkina Faso var nýr árgangur með 50 börnum tekinn inn í skólann og stunda þar nú um 300 börn nám. Starfið fékk styrk frá bandarískum samtökum til að byggja mjög svo nauðsynlegan múrvegg umhverfis skólalóðina og lauk byggingu hans í desember. Meðal annarra umbóta á skólalóðinni má nefna að byggður var vatnsturn við borholuna og rafmagnsdælu komið fyrir og einnig var reist hús fyrir verkmenntanám.

Á Filippseyjum hélt samstarfið við Children's Mission áfram með sama sniði og voru styrktarbörnin samtals 663. ABC starfið á Filippseyjum heldur áfram að byggjast upp með stuðningi frá ABC í Bandaríkjunum. Í lok árs stunduðu samtals 917 börn nám í 9 ABC skólum.

Innanlands var Maritafraeðslan áfram studd til að vera með jákvæða forvarnafræðslu í grunnskólum fyrir 5. bekinga og foreldra þeirra undir kjörorðinu: Vertu þú sjálfur.

Þann 1. nóvember var Guðrún Sveinsdóttir 35 ára Sandgerðingur ráðin framkvæmdastjóri ABC barnahjálpar. Hún starfar við hlið starfandi stjórnarformanns Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur.

## Skýrsla og áritun stjórnar frh.:

---

Nytjamarkaðurinn í Súðarvogi gekk vel og skilaði góðum hagnaði. Í ágúst var nýr nytjamarkaður með fatnað og smávöru, Hakuna Matata, opnaður á Laugavegi 103 og í kjölfarið var lista- og minningamiðstöðin Líf fyrir líf opnuð á sama stað. Hugmyndin með miðstöðinni var að bjóða fólki að taka að sér að styrkja barn í minningu látins ástvinar og gefa þannig fátæku barni líf fyrir líf auk þess sem listamenn gætu gefið af list sinni.

ABC skólinn útskrifaði tvo hópa af námskeiði í þróunar- og hjálparstarfi á árinu. 15 nemendur luku námi á vorönn og 10 á haustönn. Í haust tók skólinn einnig upp þá nýjung að bjóða námskeið í spænsku, bragfræði og eflingu samskipta. Þessi námskeið kallast tvöfalt gagn því kennarar á námskeiðunum gefa vinnu sína en námskeiðsgjöld renna þess í stað til að greiða laun kennara á vettvangi.

Á árinu 2012 voru starfsmenn ABC á Íslandi ellefu til nítján talsins í samtals 7,5 til 14,4 stöðugildum. Þar af voru 7,15 stöðugildi á skrifstofunni, 6,25 í Nytjamarkaðinum, Hakuna Matata og Líf fyrir líf og 1 í ABC skólanum. Vinnumála- og Tryggingastofnun greiddu mótframlög vegna launa 7 starfsmanna. Starfsmenn voru allir á launaskrá hjá Vínafélagi ABC barnahjálpar og koma því ekki fram í ársreikningi ABC. Allur annar rekstrarkostnaður ABC barnahjálpar var einnig greiddur af Vínafélagi ABC að undanskildum þjónustugjöldum banka og kortafyrirtækja sem eru tekin sjálfvirk af framlögum.

Tveir íslenskir starfsmenn voru ráðnir til að sinna hjálparstarfi í Afríku til viðbótar við þá fjóra Íslendinga sem fyrir voru í Afríku við hjálparstörf á vegum ABC barnahjálpar en Íslendingarnir sex störfuðu í Kenýa, Úganda og Burkina Faso auk sjálfbóðaliða sem var tímabundið í Senegal.

Fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum kom að starfi ABC barnahjálpar á árinu og sinntu þeir ýmsum störfum. Margir þeirra unnu við ýmis störf á Nytjamarkaði, Hakuna Matata og Líf fyrir líf auk þess sem unnið var við pökkun og sólu korta og súkkulaðis, safnanir, endurskoðun, auglýsingagerð, hjálparstarf erlendis o.fl.

Óbeinar gjafir til starfsins á árinu voru t.d. pappír, prentun, kaffi, brauð, afnot af bíl, bensín, viðgerðir, varahlutir, dekk, tryggingar og margs konar vörur og gjafabréf sem fengust sem bingóvinningar ofl.

Fjármunir sem sendir voru til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi námu 57,2 millj. kr. hærri fjárhæð en á árinu áður sem er aukning um 21,75% frá árinu áður auk þess var hærri fjárhæð óráðstafað við áramót.

Úthlutun samkvæmt skipulagsskrá til hjálparstarfa erlendis frá ABC á Íslandi nam 320,3 milljónum króna.


### Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar á Íslandi í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2012 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar á Íslandi og breytingu á handbæru fé á árinu 2012.

Stjórn ABC barnahjálpar á Íslandi hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. júní 2013.

Í stjórn hjálparstarfsins:



Guðrún Margrét Pálsdóttir  
Baldur Jónsson  
H. Jónsson  
Helga P. Jónsdóttir  
Erla Emilsdóttir  
Vigneyja  
Einar

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar ABC barnahjálpar á Íslandi.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ABC barnahjálpar á Íslandi fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit og sundurliðanir.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 4. júní 2013.

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2012

---

	2012	2011
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Gjafir og áheit .....	291.318.249	271.369.374
Söfnunarfé: Börn hjálpa börnum og aðrar safnanir .....	17.031.043	14.891.298
Framlag frá Vinafélagi ABC barnahjálpar .....	4.820.117	0
Opinberir styrkir .....	22.267.660	2.080.000
	<u>335.437.069</u>	<u>288.340.672</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá .....	320.348.924	263.111.927
Framlag til Vinafélags ABC barnahjálpar .....	0	5.615.638
Annar rekstrarkostnaður .....	5.198.234	4.808.974
	<u>325.547.158</u>	<u>273.536.539</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....	9.889.911	14.804.133
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>		
Vaxtatekjur og gengismunur .....	476.027	234.765
Fjármagnstekjuskattur .....	( 95.829)	( 46.945)
	<u>380.198</u>	<u>187.820</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....	<u>10.270.109</u>	<u>14.991.953</u>

# Efnahagsreikningur

---

## Eignir

	2012	2011
<b>Fastafjármunir:</b>		
ABC barnahjálpar International, stofnframlag .....	230.000	230.000
Fastafjármunir samtals	<u>230.000</u>	<u>230.000</u>
<b>Veltufjármunir:</b>		
Viðskiptakröfur .....	138.952	792.157
Óbundnar bankainnstæður .....	27.156.901	16.233.587
Veltufjármunir samtals	<u>27.295.853</u>	<u>17.025.744</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>27.525.853</u></u>	<u><u>17.255.744</u></u>

## 31. desember 2012

---

### Eigið fé

	<b>2012</b>	<b>2011</b>
<b>Eigið fé:</b>		
Óráðstafað eigið fé .....	27.525.853	17.255.744
Eigið fé samtals	<u>27.525.853</u>	<u>17.255.744</u>

<b>Eigið fé samtals</b>	<u>27.525.853</u>	<u>17.255.744</u>
-------------------------	-------------------	-------------------



## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2012

---

	<b>2012</b>	<b>2011</b>
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Hagnaður ársins .....	10.270.109	14.991.953
Veltufé frá rekstri	<u>10.270.109</u>	<u>14.991.953</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, lækkun .....	653.205	185.836
	<u>653.205</u>	<u>185.836</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>10.923.314</u>	<u>15.177.789</u>
 <b>Hækkun á handbæru fé</b> .....	10.923.314	15.177.789
 <b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	16.233.587	1.055.798
 <b>Handbært fé í árslok</b> .....	<u>27.156.901</u>	<u>16.233.587</u>

## Sundurliðanir

	2012	2011
<b>Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá</b>		
Sent til Comforter Ministries á Indlandi .....	12.636.679	13.119.777
Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum .....	10.232.138	8.859.922
Sent til ABC barnahjálpar í Úganda .....	50.863.029	50.249.283
Sent til Reach / Heimilis litlu ljósanna á Indlandi .....	73.516.683	72.261.750
Sent til Mission of Mercy .....	591.033	642.565
Sent til ABC barnahjálpar í Senegal .....	3.669.536	3.191.265
Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan .....	62.676.514	49.430.656
Sent til ABC barnahjálpar í Kenýa .....	61.332.471	32.435.558
Sent til ABC barnahjálpar í Líberíu .....	858.842	658.592
Sent til ABC barnahjálpar í Burkina Faso .....	7.207.425	6.264.001
Sent til Norrænu barnahjálparinnar v/ barnahjálpar á Filippseyjum .....	14.047.676	13.885.016
Sent til ABC barnahjálpar í USA v/ barnahjálpar á Filippseyjum og Pakistan .....	7.842.036	6.884.856
Sent til ABC barnahjálpar í Færeyjum v/ barnahjálpar í Líberíu og Senegal .....	7.119.030	3.068.522
Framlag vegna launa og annars kostnaðar vegna hjálparstarfs erlendis .....	6.235.832	1.930.164
Framlag til Marita forvarnarfræðslunnar vegna hjálparstarfs innanlands .....	1.520.000	230.000
	320.348.924	263.111.927
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>		
Þóknun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld .....	5.195.503	4.741.974
Ýmis gjöld .....	2.731	0
	5.198.234	4.741.974
<b>Óráðstafað eigið fé:</b>		
Eigið fé 1.1.2012 .....	17.255.744	2.263.791
Hagnaður ársins .....	10.270.109	14.991.953
Eigið fé 31.12.2012 .....	27.525.853	17.255.744